

Nd.

421. Frumvarp til laga

[220. mál]

um breyting á lögum nr. 89 frá 5. júní 1947 um Fiskimálasjóð, sbr. breyting á þeim lögum nr. 10/1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Í stað „600 000 kr.“ í 5. gr. laganna komi „2 000 000 kr.“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fé Fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi, skv. 3. gr. laganna. Til styrkveitinga samkvæmt 4. gr. og til lánveitinga samkvæmt 5. gr.

Lögin hafa bundið hverja lánveitingu við tiltekna hámarksupphæð. Þessi hámarksupphæð hefur verið hækkuð á nokkurra ára fresti eftir aðstæðum og getu sjóðsins. Síðast var þessi hámarksupphæð hækkuð í kr. 600 000 árið 1971. Stjórn Fiskimálasjóðs er sammála um, að geta sjóðsins og aðrar aðstæður leyfi, að þessi upphæð verði nú hækkuð í kr. 2 000 000.